

Aðalfundur ÆSKÞ

Miðvikudaginn 7. maí 2025

Mættir væru 4 þar af 1 í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundur settur kl. 20:15

1. Kosning fundarstjóra
Lagt er til að Eygló Anna verði fundarstjóri
Samþykkt samhljóða
2. Kosning fundarritara
Lagt er til að Steinunn Anna verði fundarritari
Samþykkt samhljóða
3. Skýrsla framkvæmdarstjórnar kynnt og rædd.
Eygló Anna flytur skýrslu framkvæmdarstjórnar, sjá fylgiskjal “Skýrsla framkvæmdarstjórnar”
Umræður um skýrslu framkvæmdarstjórnar. Rætt um landsmót og vel talað um það. Eygló Anna hrósar sérstaklega sjálfboðaliðum frá Akureyrarkirkju sem sáu um lang stærstan hluta af störfum sjálfboðaliða og stóðu sig virkilega vel. Eygló mælir með að betur verði haldið utan um sjálfboðahópinn á Landsmóti.
4. Ársreikningar. Umræða og afgreiðsla.
Steinunn fer yfir ársreikninga 2024, sjá nánar fylgiskjal “Ársreikningur 2024”.
Umræður um ársreiknina. Eygló spyr um kostnað vegna landsmót sem haldið var í Vatnaskógi í mars 2025. Steinunn fer yfir kostnað og tekjur af landsmóti sem kostaði um 4.6 milljónir og voru tekjur um 3.5 milljónir. Kostnaður félagsins við Landmsót 2025 var því rétt rúm milljón. Ársreikningur 2024 lagður fram til samþykktar. Samþykktur samhljóða
5. Rekstraráætlun og ákvörðun félagsgjalda. Umræða og afgreiðsla.
Steinunn fer yfir Fjárhagsáætlun 2025-2026, sjá nánar fylgiskjal ""Fjárhagsáætlun 2025-2026". Umræður um fjárhagsáætlun. Umræður um aðildargjöldin sem hafa verið 30.000 kr. Eygló leggur til að hækka í aðildargjöldin í 35.000 kr. Samþykkt samhljóða.
6. Skýrsla framkvæmdarstjóra.
Eygló les skýrslu framkvæmdarstjóra sem send var inn af Sólveigu Franklinsdóttir, sjá nánar fylgiskjal “Skýrsla Framkvæmdarstjóra”.
7. Starfsáætlun. Umræða og afgreiðsla.
Steinunn flytur starfsáætlun. Umræður um starfsáætlun.
8. Lagabreytingatillögur.
Engar lagabreytingatillögur bárust
9. Kosning formanns, ritara, gjaldkera
Eitt framboð til formanns til tveggja ára barst frá Thelmu Rós Arnardóttur.

Samþykkt samhljóða

Eitt framboð barst til ritara til eins árs, frá Sjöfn Þórarinsdóttir

Samþykkt samhljóða

Eitt framboð barst til gjaldkera til tveggja ára, frá Steinunni Önnu Baldvinsdóttir

Samþykkt samhljóða

10. Kosning fimm manna varastjórnar.

Framboð til varamanna í stjórn voru:

Hilda María Sigurðardóttir, Elísa Mjöll Sigurðardóttir, Jens Elí Gunnarson,
Þóranna Bjartey Bergmann, Tinna Hermannsdóttir

Samþykkt samhljóða

11. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Sigurður Óli og Hákon Darri voru tilnefndir sem skoðunarmenn reikninga

Samþykkt samhljóða

12. Tillögur og ályktanir.

Engar tillögur eða ályktari voru lagðar fram

13. Önnur mál.

Engin önnur mál

14. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 21:17